



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Ársskýrsla 2016



Forsíðumynd: Skrofa (*Puffinus puffinus*)

Texti og ljósmyndir: Ingvar Atli Sigurðsson

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Hlutverk	4
Stjórn	4
Fjármál	5
Starfmenn	5
Helstu verkefni	6
Farhættir skrofa	6
Rannsóknir á lunda	7
Ábúðarhlutfall og varpárangur lunda umhverfis Ísland	7
Vetrarstöðvar lunda	7
Fuglamerkingar	9
Vöktunarverkefni	10
Fiðrildavöktun	10
Fræðsla	10
Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar	11
Berghlaupið í Morsárdal	11
Greinar, skýrslur og erindi	12



Lundi með loðnu í Hafnarhólma

Inngangur

Náttúrustofa Suðurlands var stofnuð í nóvember 1996 og var síðasta ár því tuttuguasta heila starfsárið. Stutt hlé varð á starfsemi stofunnar á árinu 2002 þegar skipt var um forstöðumann. Stofan hefur allan þennan tíma verið til húsa í Þekkingarsetri Vestmannaeyja, áður Rannsókn- og fræðasetri Vestmannaeyja, að Strandvegi 50 í Vestmannaeyjabæ. Ársskýrsla Náttúrustofu Suðurlands hefur komið út flest ár og fjallar þessi um árið 2016. Eldri skýrslur má nálgast á heimasíðu stofunnar: www.nattsud.is/arsskyrslur

Hlutverk

Náttúrustofa Suðurlands starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (lög nr. 60/1992 með síðari breytingum) og reglugerð um Náttúrustofu Suðurlands (reglugerð 643/1995). Frá stofnun hefur Vestmannaeyjabær verið eina sveitarfélagið sem kemur að rekstri stofunnar.

Helstu hlutverk Náttúrustofu Suðurlands eru samkvæmt lögum:

- a. að safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúruvannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- b. að stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- c. að veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf á verksviði stofunnar samkvæmt ákvörðun stjórnar náttúrustofu hverju sinni,
- d. að veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um vöktun gegn greiðslu á verksviði stofunnar að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila,
- e. að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, sbr. 7. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar; Náttúruvernd ríkisins skal gera samning um slíkt eftirlit við náttúrustofur sem staðfestur er af ráðherra.

Stjórn

Í stjórn Náttúrustofunnar eru þrír menn og þrír til vara. Stjórn er skipuð til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum og var ný stjórn skipuð í júní 2014. Árið 2017 sátu í stjórn: Rut Haraldsdóttir, formaður, Halla Svavarsdóttir, varaformaður og Georg Eiður Arnarsson, ritari. Varamenn eru: Ólafur Týr Guðjónsson, Auðbjörg Halla Jóhannsdóttir og Guðjón Sigtryggsson. Árið 2016 voru haldnir fjórir stjórnarfundir, helstu mál sem stjórnin fjallaði um voru fjárhagsáætlun, ársreikningar, verkefni og hugmyndir um yfirfærslu rekstur stofunnar yfir á Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Fundargerðirnar er að finna á heimasíðum Náttúrustofu Suðurlands og Vestmanneyjabæjar. Í desember var ákveðið að flytja bókhaldsumsjón Náttúrustofunnar yfir á Þekkingarsetur Vestmannaeyja og jafnframt var stokkað upp í stjórninni og tókur Arnar Sigurmundsson og Stefán Ó. Jónasson. Núverandi stjórn situr fram að sveitarstjórnarkosningum í maí 2018.

Fjármál

Náttúrustofa Suðurlands hefur að mestu byggt reksturinn á föstum framlögum frá ríkissjóði og Vestmannaeyjabæ en einnig hefur verið sótt í styrkfé. Árið 2016 fékkst styrkur frá Veiðikortasjóði til rannsókna á lunda við Ísland. Á síðustu árum hafa framlög ríkisins og Vestmannaeyjabæjar til stofunnar lækkað verulega og er svo komið að föstu framlögin duga rétt fyrir launum forstöðumanns og grunnrekstri. Náttúrustofan hefur ekki haft tryggt fé til greiðslu launa sérfræðings sem starfað hefur á stofunni frá 2007 og hefur reksturinn verið erfiður undanfarin ár. Samtök náttúrustofa hafa reynt að fá föstu framlögin til Náttúrustofanna hækkuð og náðist inn hækkun á framlögunum fyrir árið 2016. Á árinu 2014 fór aftur af stað vinna við friðlýsingu fuglabjarga Vestmannaeyja og stóð til að gengið yrði frá friðlýsingunni í byrjun árs 2016. Nú standa vonir til þess að gengið verði frá friðlýsingunni á árinu 2017. Samhliða friðlýsingu verður gerður samningur við Náttúrustofu Suðurlands um vöktun fuglabjarganna.

Starfmenn

Dr. Ingvar Atli Sigurðsson, hefur verið forstöðumaður frá því í september 2002. Helstu verkefni hans eru daglegur rekstur, fjármálastjórn og rannsóknir.

Dr. Erpur Snær Hansen, líffræðingur, hefur verið sviðstjóri vistfræðirannsókna frá júní 2007. Hans helstu viðfangsefni eru rannsóknir á lunda og öðrum sjófuglum.



Ingvar og Erpur í Grimsey

Helstu verkefni

Hér á eftir er fjallað um nokkur helstu verkefni Náttúrustofu Suðurlands árið 2016. Einnig er bent á heimasíðu Náttúrustofunnar: www.nattsud.is og fésbókarsíðu Náttúrustofunnar: <https://www.facebook.com/nattsud/>

Farhættir skrofa

Náttúrustofan hefur rannsakað skrofur í Ystakletti frá árinu 2006. Rannsóknirnar beinast að farháttum tegundarinnar og eru í samstarfi við Dr. Jacob González-Solís frá Barselónaháskóla og Yann Kolbeinsson, á Náttúrustofu Norðausturlands. Ekki voru til nákvæmar upplýsingar um hvar farleiðirnar liggja né hvar vetrarstöðvarnar eru í Atlantshafi en með nýrri tækni er hægt að afla þessara upplýsinga á tiltölulega ódýran og aðgengilegan máta. Notast er við „dægurrita“ (e. *Geolocator*) sem skrá birtu og tíma en þessir ritar voru fyrst settir á tuttugu skrofur vorið 2006. Starfsmenn Náttúrustofunnar hafa svo unnið við það undanfarin vor og sumur að endurheimta ritana og setja nýja á sömu fugla, jafnframt er fylgst með varpárangri. Endurheimtur hafa verið mjög góðar, á árunum 2006 til 2015 voru 110 dægurritar settir á skrofur og í sumar höfðu 88 náðst aftur eða 80%. Gögnunum er strax hlaðið niður úr þeim dægurritum sem endurheimtast. Sumarið 2016 náðust þrettán ritar af þeim sextán sem settir voru á fugla árið 2015 auk þess sem einn fugl náðist sen hafði misst tækið. Tíu skrofur fengur nýja dægurrita sumarið 2016 auk þess sem sjö ritar voru settir aftur á skrofur eftir að lesið hafði verið af þeim.



Skrofuungi í Ystakletti á Heimaey 24. ágúst 2016. Þessi ungi var merktur 24. ágúst, hann fannst svo nýfleygur í Vestmannaeyjabæ 10. september og var komið með hann í Sæheima áður en honum var sleppt í Höfðavík.

Rannsóknir á lunda

Rannsóknir á lunda á landsvísu voru umfangsmiklar árið 2016 eins og áður. Beindust rannsóknirnar m.a. að tímasetningu varps, ábúðarhlutfalli, varpárangri, fæðu fugla á ungatíma og aldurshlutföllum í veiði. Einnig voru dægurrítar settir á 40 lunda og nokkrir dægurrítar endurheimtir frá 2014 og 2015. Fjallað er um lundarannsóknirnar í skýrslu til Veiðikortasjóðs, sem aðgengileg er á heimasíðu Náttúrustofunnar:

<http://www.nattsud.is/skrar/file/Lundarannsoknir2016.pdf>, og hægt var að fylgjast með rannsóknarferðum Náttúrustofu Suðurlands síðasta sumar á fésbókarsíðu Náttúrustofunnar: <https://www.facebook.com/nattsud/>



Erpur Snær og Sarah Giltz við lundarannsóknir í Drangey

Ábúðarhlutfall og varpárangur lunda umhverfis Ísland

Náttúrustofan hefur undanfarin ár fengið styrki frá Veiðikortasjóði til að rannsaka ábúðarhlutfall og varpárangur lunda umhverfis Ísland. Erpur Snær Hansen og Ingvar Atli Sigurðsson fóru tvær ferðir umhverfis landið árið 2016 og heimsóttu 11 lundavörp auk nokkurra varpa í Vestmannaeyjum. Að auki komu nokkrir sjálfboðaliðar okkur til aðstoðar: Eldur A. Hansen var með í báðum ferðum, Karen Velas í fyrri ferðinni og Sarah Giltz í seinni ferðinni og svo kom Broddi R Hansen okkur til aðstoðar á álagspunktum.

Vetrarstöðvar lunda

Sumarið 2016 voru dægurrítar settir á 40 lunda, tuttugu og einn í Grímsey og nítján í Papey. Í Grímsey náðum við aftur 16 af 30 tækjum frá 2015 auk þess sem við náðum tveimur frá 2014. Við náðum aftur þremur af tíu tækjum sem sett voru á lunda í Hafnarhólma 2015 og níu af tuttugu tækjum í Papey auk fjögurra

frá 2014. Aftaka veður gerði í Papey um áramótin 2015/2016 og varð talsvert jarðvegsrof af völdum sjógangs. Meðal annars þá voru sjö lundaholur horfnar þar sem lundar voru með dægurrita. Þetta er hluti af verkefninu Seatrack sem er samstarfsverkefni með Náttúrustofu norðausturlands, Norsk Polarinstitut, Norsk Institut for naturforskning og fleiri stofnana.



Erpur Snær, Sarah Giltz og Eldur Antoníus við Elliðaey í Breiðafirði



Jarðvegsrof vegna sjógangs í Papey

Fuglamerkingar

Náttúrustofa Suðurlands stóð fyrir merkingarleiðangri út í Elliðaey 6. til 8. ágúst. Báðir starfsmenn stofunnar auk sjö sjálfboðaliða tóku þátt í leiðangrinum.

Alls voru merktar 208 sjósvölur og 263 stormsvolur. Að auki veiddust um 50 merktir fuglar. Þar á meðal var ein stormsvala sem Jóhann Óli Hilmarsson og fleiri merktu 20. ágúst 1988. Hún er því að minnsta kosti 29 ára gömul sem er nýtt aldursmet fyrir stormsvölu á Íslandi. Einnig náðist ein stormsvala sem hafði verið merkt í Portúgal en ekki eru komnar nánari upplýsingar um hana. Yfirleitt er farinn einn merkingaleiðangur á hverju ári en svona leiðangur er aðeins mögulegur með þátttöku sjálfboðaliða. Þjargveiðimenn hafa verið okkur innan handar og gefið okkur leyfi til að nota veiðihúsið í Elliðaey. Þökkum við sjálfboðaliðunum kærlega fyrir aðstoðina og Elliðaeyingum kærlega fyrir gestrisni og aðstoð.



Þátttakendur í merkingaleiðangri út í Elliðaey 2016 að leiðangri loknum

Talsvert var merkt af lunda á árinu 2015. 549 lundapysjur, af þeim rúmlega 2600 sem pysjuefrilitið skilaði til Sæheima, voru merktar af starfsmönnum Náttúrustofunnar. Ekki reyndist unnt að merkja fleiri þar sem margar pysjur voru það smáar og lítið þroskaðar að merkin tolldu ekki á þeim.



Litmerktur lundi í Stórhöfða

Vöktunarverkefni

Náttúrustofa Suðurlands tók við hluta vöktunarverkefna, sem Óskar J. Sigurðsson sinnti fyrir Veðurstofu Íslands á Stórhöfða, þegar Óskar flutti úr höfðanum. Gerður var samningur við Veðurstofuna um vöktunina árið 2014. Undir lok árs bættist við vöktun á „dimethyl sulfide“ fyrir „Korea Polar Research Institute“ í gegnum Raunvísindastofnun Háskólans.

Fiðrildavöktun

Náttúrustofa Suðurlands og Sæheimar hafa verið með ljósagildru til fiðrildaveiða í Stórhöfða frá 2010 og er gildran er tæmd vikulega yfir sumartímenn. Gildran er komin til ára sinna og er líklegt að raflagnir og straumbreytir hafi gefið sig snemma sumars og ljósaperan sem á að lokka fiðrildin að gildrunni hafi því ekki verið virk. Veiði var því mjög dræm og var gildran tekin niður í byrjun ágúst. Aðeins veiddust 44 fiðrildi af níu tegundum, þar af meðal tvær tegundir sem ekki hafa veiðst áður í Stórhöfða. Þetta voru reyrlæða (*Crambus pascuella*) og möðrufeti (*Epyrrhoe alternata*) og hafa nú 23 tegundir komið í gildruna frá 2010. Stefnt er á að kaupa nýja gildru fyrir árið 2017.



Nokkuð var um pysjudauða í Eyjum sumarið 2016, t.d. í Elliðaey þar sem þessi mynd var tekin 8. ágúst

Fræðsla

Starfsmenn stofunnar héldu nokkra fyrirlestra fyrir nemendur og hópa árið 2016 eins og öll önnur ár.

Berg- og jarðefnafræði Heimaeyjar

Þessu verkefni er ólokið og var lítið unnið að því á síðasta ári.

Berghlaupið í Morsárdal

Náttúrustofan hefur ásamt Þorsteini Sæmundssyni, hjá Háskóla Íslands, o.fl. fylgst með breytingum sem hafa orðið á berghlaupinu sem féll á Morsárjökul árið 2007. Tvær ferðir voru farnar á jökulinn árið 2016, í júní og í september. Ingvar A. Sigurðsson sem tekið hefur þátt í þessum rannsóknum frá upphafi komst ekki með að þessu sinni en mælingar halda áfram á árinu 2017.



Hluti leiðangursmanna framan við berghlaupið á Morsárjökli í júlí 2007

Greinar, skýrslur og erindi

Erpur Snær Hansen 2016. Stofnþróun lunda 2003-2015 og sjálfbærni veiða. Veiðidagbók umhverfisstofnunar 21. <http://www.ust.is/einstaklingar/veidi/veididagbaekur/>

Erpur Snær Hansen 2016. Negative correlation of puffin harvest to sea surface temperature for 135 years, Symposium of The Scientific Committee of Climate Change, Marine Research Institute, 15. March.

Erpur Snær Hansen 2016. Stofnvöktun lunda og sjálfbærni veiða, Ráðstefna veiðikortasjóðs, Grand Hótel 15. apríl.
Ingvar Atli Sigurðsson 2016. Skrofa. Kynning í Barnaskóla Vestmannaeyja 17. maí.

Ingvar Atli Sigurðsson 2016. The Vestmannaeyjar volcanic system. Erindi fyrir erlenda Háskólastúdenta á vegum Sólheima. Þekkingarsetur Vestmannaeyja 25. maí.

Ingvar Atli Sigurðsson 2016. An introduction to the geology of Heimaey, Vestmannaeyjar. Erindi á: „Nordisk universitetslærmóte 30. maí – 1. júní 2016 Vestmannaöarna“. Eldheimar 31. maí.

Ingvar Atli Sigurðsson 2016. Heimaey geology. Opunarávarp fyrir gesti ráðstefnunnar: „Nordic World Heritage Conference Iceland 21-23. September“. Eldheimar 22. september.

Kristinn H, Skarphéðinsson, Erpur S, Hansen, Róbert A, Stefánsson, Þorkell L, Þórarinnsson & Ólafur K, Nielsen, Sjálfbærni fuglaveiða á Íslandi Sustainability of bird hunting in Iceland, Sustainable Harvest 2016, Hunters Fund Symposium, Grand Hótel 15. apríl.

Þorkell L, Þórarinnsson, Jannie F, Linnebjerg, Yann Kolbeinsson, **Erpur S, Hansen**, Aðalsteinn Örn Snæþórsson, **Ingvar A, Sigurðsson** & Böðvar Þórisson, Migration and wintering areas of Icelandic Auks, Icelandic Ecological Soc, Conf, 3, March, Verkís Reykjavík. https://vistis.files.wordpress.com/2016/01/agrip_vistis_2016.pdf